

31. maí 2021

Umsókn um styrk til Atvinnuuppbyggingarsjóðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Við Hannes Ólafur og Egill, Gestssynir festum kaup á jarðarskika úr landi Réttarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi ásamt fasteign þar árið 2016. Jörðin er um 9 ha og farið var í að skipuleggja svæðið. Nýtt félag var stofnað um eignina og fyrirhugaðar framkvæmdir, Traðarland ehf. sem við bræður eigum til helminga. Skipulag svæðisins átti að miða að uppbyggingu á ferðaþjónustu og í kjölfarið festum við kaup á þrem 22 fm smáhýsum 2017 sem voru fokheld að utan en ekki fullkláruð að innan. Aðalskipulagi og deiliskipulagi var breytt fyrir svæðið með tilliti til staðsetningu smáhýsanna. Var sú vinna unnin með Steinari Sigurðssyni arkitekt hjá Teiknark. Á samþykktu deiliskipulagi er gert ráð fyrir 8 smáhýsum en ákveðið var að einbeita sér að uppbyggingu á 5 smáhýsum þ.e. 2 til viðbótar við þau sem við þegar höfðum keypt. Gerð var skráningar tafla fyrir þessi hús og sótt um byggingarleifi fyrir 5 smáhýsi. Gerður var púði undir 5 smáhýsi í kjölfarið og þau 3 sem við þegar höfðum fest kaup á staðsett á púðanum. Húsin voru færð á forsteyptar undirstöður.

Við höfum verið viðloðandi ferðaþjónustu allengi með hestaferðir eða frá árinu 2005. Það hefur verið fjölskyldufyrirtæki rekið frá Kálfhóli sem er okkar ættaróðal. Þessar framkvæmdir eru sumpart viðbót við það og getur verið viðkomustaður í hestaferðunum þó við teljum það geta fullkomlega staðið sem sjálfstæðar einingar sem viðkomustaður ferðamanna sérstaklega þeirra sem eiga leið inni Þjórsárdal eða Landmannalaugar. Við erum báðir starfandi í sveitarfélaginu og höfum verið undanfarin ár. Egill er húsasmiður og vinnur hjá Tré og straum. Hannes Ólafur er vélstjóri og vinnur við skólakeyrslu í sveitarfélaginu ásamt að hafa tekið yfir rekstur hestaferða á Kálfhóli á sumrin. Við höfum unnið mikið sjálfir við uppbyggingu í Réttarholti og hefur það því verið gert í frítíma okkar.

Staða verkefnisins er sú að 2 húsanna eru fullkláruð að innan og utan, allar lagnir hafa verið lagðar að húsunum nema að eftir á að draga rafmagn inni húsin. Okkar rafvirkjameistari er væntanlegar á næstunni að klára það. 3. húsið er komið aðeins skemmra á veg en stendur til að klára það á þessu sumri. Ástæða þess er að þar liggur rafmagn í lagnagrind og þarf rafvirkinn að ljúka þeirri vinnu áður en lengra er haldið. Húsin liggja öll á sömu fráveitu lögn og einungis eftir að tengja húsin fráveitu eða rotþró. Að endingu að ganga frá lóð og fylla að húsunum.

Þar sem húsin hafa ekki fengið lokaúttekt vegna ofangreindra atriða þá eru húsin ekki í rekstrarhæfu ástandi og auk þess lán óhagstæð. Sjálf jörðin ásamt fasteign sem fyrir var á landinu er á skuldabréfi sem skráð er á okkur og húsin eru á yfirdráttarheimild félagsins. Því er það mikið atriði að fá lokaúttekt og fasteignanúmer á húsin svo hægt sé að fá viðunandi fasteignalán og koma húsunum í rekstur. Þegar það hefur gerst þá er ætlunin að fá nýtt skuldabréf yfir allt saman og á félagið sem um ræðir.

Í kjölfar þess að þessi 3 hús séu komin á það stig að hægt sé að leigja þau út þá er forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu á næstu tveimur húsum til staðar. Stefnt er að því að hefja framkvæmdir á þeim húsum þegar í sumar ef allt gengur að óskum.

Við óskum eftir styrk að upphæð 2.500.000 kr.

Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun og verkáætlun.

Með virðingu og vinsemd.

Egill Gestsson og Hannes Ólafur Gestsson